

AUGLÝSING

um staðfestingu á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Snæfellsjökulspjóðgarð.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra staðfest stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Snæfellsjökulspjóðgarð. Stjórnunar- og verndaráætlunin er birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Einnig hefur ráðherra staðfest eftirfarandi reglur um dvöl og umferð sem settar hafa verið fram í stjórnunar- og verndaráætluninni í samræmi við 2. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013:

1. gr.

Ávallt skal fylgja skilgreindum ferðaleiðum þar sem þær eru til staðar.

2. gr.

Umhverfisstofnun er heimilt að loka tímabundið viðkvæmum svæðum, vegna gróðurverndar, lífríkisverndar eða yfirvofandi hættu og beina gestum svæðisins um aðrar leiðir.

3. gr.

Þeir sem hyggjast setja upp næturhólf fyrir hesta sækja um leyfi til þjóðgarðsins. Sama gildir um þá sem ætla að fara með stærri hóp en tuttugu hesta um svæðið. Sótt er um leyfi á heimasíðu þjóðgarðsins.

4. gr.

Almennt er óheimilt að hafa næturdvöl og tjalda innan þjóðgarðsins og er ferðafólki bent á tjaldsvæði í nágrenni hans. Fólki sem kemur inn í þjóðgarðinn fótgangandi eða á reiðhjólum með allan sinn farangur er þó heimilt að tjalda hefðbundnum viðlegutjöldum til einnar nætur á skilgreindum tjaldstöðum, sbr. auglýsingu nr. 935/2021. Ef um fleiri en þrjú tjöld er að ræða, skipulagða hópferð eða ef tjaldað er til fleiri en einnar nætur þarf leyfi þjóðgarðsins. Tjaldstaður vísar til þess að ekki er um skipulagt tjaldsvæði að ræða.

5. gr.

Til verndar lífríki þjóðgarðsins og til að valda sem minnstu ónæði fyrir gesti er einungis heimilt að lenda þyrlum innan þjóðgarðsins á ákveðnum tímum og á skilgreindum lendingarstöðum. Leyfi Umhverfisstofnunar þarf vegna undantekninga frá þeirri reglu.

6. gr.

Vegna lífríkisverndar og til að tryggja góða upplifun gesta er óheimilt að fljúga fjarstýrðum loftförom innan þjóðgarðsins á tímabilinu 15. apríl - 15. september nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Bannið gildir um svæðið meðfram ströndinni og neðan Útnesvegjar. Svæðið verður merkt inn á kort þjóðgarðsins. Undanþegnar banninu eru leitar- og björgunaradgerðir, starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. lög nr. 80/2022 og reglugerð nr. 1185/2012, og þær stofnanir sem sinna lögbundnum rannsóknum og eftirlitshlutverki með náttúru- og menningarmínjum.

Stjórnunar- og verndaráætlunin öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 24. mars 2023.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Stefán Guðmundsson.